

Ed. 695. Frumvarp til laga [224. mál]

um breyting á lögum nr. 17 11. júní 1960, um tollvörugæymslur o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 24. apríl.)

1. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna hljóði svo:

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla. Þegar selt er farþega, sem er að leggja af stað til útlanda, skal fyrirskipa, að vörurnar séu afhentar í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út úr íslenskri tolllandhelgi. Enn fremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.